
Versations/Tetralogia í Listasafni Reykjavíkur

Verk Gabríelu Friðriksdóttur, Versations/Tetralogia, sem sýnt var á Feneyjartvíæringnum í fyrra, verður sýnt í Listasafni Reykjavíkur frá 13. janúar til 26. febrúar komandi. Með verkinu skírskotar Gabríela til íslenskrar frásagnarhefðar sem birtist með margvíslegum hætti í nútímanum og er oftast fullkomnlega þversagnarkennd enda skipta Íslendingar um skoðun líkt og vindurinn. Þeir feykjast því áfram í samtölum sínum að sögn Gabríelu. Hún segir Íslendinga fullkomnlega ósannfærða um röklegt samhengi í samræðu og að samtöl þeirra séu á mjög persónulegum nótum og endi oftast í rifrildi. Verkið samanstendur af fjórum myndböndum sem Gabríela vann í samvinnu við akitekt, myndlistarmenn, kvikmyndagerðarmenn og tónlistarmennina Daníel Ágúst Haraldsson og Björku Guðmundsdóttur og Ernu Ómarsdóttur dansara ásamt fleirum. Í umsögnum um verkið segir að það hleypi áhorfandanum inn í heim Gabríelu, undir yfirborð orðanna, þar sem áhorfandinn verður að þreifa sig áfram á milli tákna goðsagnaheimsins. Sýningin opnar í húsakynnum Listasafns Reykjavíkur, í Hafnarhúsinu, klukkan fimm á föstudaginn kemur. ■



Úr verki Gabríelu, Versations/Tetralogia




Púkarnir á sýningunni

Elísabet Olka sýnir á Kaffi Cultur

Púkarnir sjö

Elísabet Olka hefur opnað málverkasýningu á Kaffi Cultur í Alþjóðahúsinu,Hverfisgötu 18. Málverkin á sýningunni eru tileinkuð Breka syni hennar og öllum öðrum börnum. Breki fékk slæma heilahimnubólgu í Kaupmannahöfn í september síðastliðinn og var honum haldið sofandi í sjö daga. Á meðan hún sat yfir honum málaði húnmyndirnarsemeruásýningunni. Fígúrunar eða púkana í myndunum teiknaði hún oft sem barn. Málverkin eru öll unnin með akrýl. Breki vaknaði svo á afmælisdaginn sinn þann 22. september og hefur náð sér fullkomnlega.

Elísabet Olka lauk BA-námi við Listaháskóla Íslands árið 2004. Hún er búsett í Kaupmannahöfn og hefur tekið þátt í samsýningum Unglistar, nemendasýningum Listaháskóla Íslands og haldið þrjár einkasýningar á myndverkum sínum. Sýningin stendur yfir til 12. janúar og er opin milli kl. 10 til 23. ■



Búlgaría
Rúmenía - Búlgaría
Ungverjaland - Serbía - Búlgaría
Kína
Pétursborg
„Gamla" Júgóslavía
Bled
Perlur Króatíu
Suður-Ameríka
Suður-Afríka
Austurríki - Ítalía
Ítalska rivíeran
Dónársigling
Ítölsku alpavötnin
Perlur Ítalíu
Gardavatn
Gönguferðir
- Slóvenía
- Cinque Terre
- Króatía
Glæsisiglingar







Sérferðadagatal 2006

Glæsilegar sérferðir
Heimsferða 2006

Heimsferðum er sérstök ánægja að kynna sérferðir sínar árið 2006. Framboðið hefur aldrei verið glæsilegra en í ár þar sem farið er til 4 heimsálfa. Einstakar ferðir til Suður-Ameríku og Suður-Afríku eru meðal nýjunga í ár ásamt stórkostlega spennandi ferðum um nýjar slóðir í Evrópu, m.a. til Búlgaríu, Rúmeníu, Rússlands og „gömlu" Júgóslavíu. Einnig bjóðum við 2 frábærar Kínaferðir, 6 lúxussiglingar, auk spennandi gönguferða og annarra ferða sem bjóða þér ævintýri, upplifanir og ógleymanlegar minningar.



Heimsferðir óska þér og þínum góðrar ferðar hvert sem leiðin liggur á árinu 2006.



Kynntu þér glæsilegan sérferðabækling okkar á
www.heimsferdir.is

Apríl		
23. apríl	Kína	15 dagar (13 nætur)
Maí		
6. maí	Vor í Pétursborg	4
8. maí	Ungverjaland - Serbía - Búlgaría	10
17. maí	Fjallaperlan Bled	7
17. maí	Vorsigling um Miðjarðarhaf	14
24. maí	Cinque Terre - gönguferð	7
25. maí	Búlgaría – menning, saga, rósailmur	7
31. maí	Cinque Terre - gönguferð	7
31. maí	Ítalska rivíeran	7
Júní		
7. júní	Glæsisigling um Eyja- og Adríahafið	14
21. júní	Perlur Króatíu	7
22. júní	Austurríki - Ítalía	12
Júlí		
8. júlí	Lúxussigling um norsku firðina	8
26. júlí	Ítölsku alpavötnin	7
26. júlí	Króatía - gönguferð	7
Ágúst		
1. ágúst	Sigling á Dóná	14
2. ágúst	Fjallaperlan Bled	7
9. ágúst	Perlur Ítalíu	14
23. ágúst	Töfrar „ gömlu Júgóslavíu"	14
25. ágúst	Lúxussigling um Eystrasaltið	9
30. ágúst	Slóvenía - gönguferð	7
30. ágúst	Gardavatn	7
31. ágúst	Búlgaría – Rúmenía	14
Sept.		
6. sept.	Töfrar Miðjarðarhafsins	14
6. sept.	Cinque Terre - gönguferð	7
6. sept.	Slóvenía - gönguferð	7
6. sept	Króatía - gönguferð	7
13. sept.	Slóvenía - gönguferð	7
13. sept.	Gersemar Miðjarðarhafsins	14
13. sept.	Cinque Terre - gönguferð	7
Okt.		
17. okt.	Kína	17 dagar (15 nætur)
Nóv.		
1. nóv	Ævintýri í Suður-Ameríku	19 dagar (16 nætur)
19. nóv.	Ævintýri í Suður-Afríku	12 dagar (10 nætur)

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 • www.heimsferdir.is

ókeypis til
80.000
heimila og fyrirtækja
alla virka daga
FRJÁLST
ÓHAÐ
blaðið